

Akureyri

16. mars 2022

Íslenskt handverk var stofnað árið 2020 að frumkvæði hóps handverksfólks sem saman stendur aðallega af eldri borgurum og öryrkjum. Í ÍH getur handverksfólk hist og spjallað saman með kaffibolla um sameiginleg áhugamál og selt sínar handunnu vörur. Mikill og góður félagsskapur er í ÍH. Við missum núverandi húsnæði í Sunnuhlíð í lok apríl og vantar því nýtt húsnæði sem allra fyrst. Þar sem þetta er ekki eiginleg verslun, þar sem hægt er að borga háa leigu, sjáum við ekki hvernig við getum fengið leiguhúsnæði án styrkja.

ÍH óskar eftir að Akureyrarbær styrki uppbyggingu starfsseminnar í formi húsnæðis eða fjárframlags til að koma undir okkur fótunum. Akureyrarbær, sem vill flokka sig sem fjölskyldu og ferðamannabæ, er einn fárra bæja á landinu sem ekki hafa handverkshús í bænum. Við teljum gott handverkshús geta verið mikið aðdráttarafli fyrir gesti bæjarins og lyftistöng fyrir alla sem vilja koma sínu handverki á framfæri.